

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2019, miðvikudaginn 13. mars kl. 9:04, var haldinn 31. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir, Baldur Þorbjörnsson og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 2-8 og 12. Starfsfólk skrifstofu umhverfisgæða hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn, undir lið 10. Starfsfólk skrifstofu reksturs og umhirðu hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 13. Fundarritari er Örn Sigurðsson.

### Þetta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 8. mars 2019.

2. Furugerði 23, breyting á deiliskipulagi (01.807.4) Mál nr. SN170927  
640517-0850 EA11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. EA11 ehf. mótt. 14. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 23 við Furugerði. Í breytingunni felst að fjarlægja núverandi mannvirki og koma fyrir íbúðum á lóð. Nýir byggingarreitir verði skilgreindir á lóðinni sem skipt er upp í reit A og reit B og lóð sameinuð, kvöð um nýtingu lóðar fyrir götu á reit B verður aflétt o.fl., samkvæmt uppdráttum Arkís arkitekta ehf. dags. 23. október 2018. Einnig er lögð fram húsaðkönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 19. janúar 2018, afrit af bréfi Láru Áslaugar Sverrisdóttur dags. 4. febrúar 2018 og 16. mars 2018 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 28. maí 2018. Tillaga var auglýst frá 23. nóvember 2018 til og með 7. janúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún Nína Petersen dags. 31. desember 2018, Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir og Hermann Þór Gíslason dags. 2. janúar 2019, Ólöf Jóhannsdóttir dags. 3. janúar 2019, Guðrún S. Gröndal og Þuríður Vigfúsdóttir f.h. aðgerðarhóps íbúa við Furugerði og Espigerði dags. 3. janúar 2019, Helga Helgadóttir og Kristinn Zimsen dags. 4. janúar 2019, Ingibjörg Halldórsdóttir f.h. íbúa að Furugerði 10 og 12, dags. 4. janúar 2019, Jimmy Wallster og Sólrún Guðjónsdóttir dags. 6. janúar 2019, Viðar Hjartarson og Guðrún Bóel Guðjónsdóttir, dags. 6. janúar 2019 og Garðar Friðrik Harðarson dags. 7. janúar 2019.

Leiðrétt bókun frá fundi skipulags- og samgönguráðs frá 6.mars 2019.

„Athugasemdir kynntar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Miðflokkurinn tekur heilshugar undir athugasemdir íbúa hvað varðar fjölda íbúða í fyrirhuguðu breyttu deiliskipulagi við Furugerði, með tilheyrandi vandamálum sem ljóst er að fylgja.

Að fjölga íbúðum úr 4 – 6 í 32 er ekki ásættanlegt.

Miðflokkurinn leggur til að fundin verði lausn í sátt við íbúa, t.d. með fækkun íbúða, lækkun bygginga ofl.

Rétt bókun er:

Athugasemdir kynntar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Miðflokkurinn tekur heilshugar undir athugasemdir íbúa hvað varðar fjölda íbúða í fyrirhuguðu breyttu deiliskipulagi við Furugerði, með tilheyrandi vandamálum sem ljóst er að fylgja.

Að fjölga íbúðum úr 4 – 6 í 32 er ekki ásættanlegt.

Miðflokkurinn leggur til að fundin verði lausn í sátt við íbúa, td. með fækkun íbúða, lækkun bygginga ofl.

Áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins bókar: Flokkur fólksins leggur til að hlustað verði að athugasemdir íbúa í við Furugerði og tekið tillit til þeirrar umræðu er fram fór í Skipulags- og samgönguráði á fundi 30 6. mars 2019. Jafnframt er bent á að byggingamagnið sé of mikið og að nægjanlegt sé að húsin verði aðeins tveggja hæða. Ef um slétt þak á húsunum er að ræða þá er lagt til að hannaður verði garður ofan á húsunum, íbúum þeirra til yndisauka, þar sem lítill möguleiki er á að hafa suðurgarða fyrir framan húsin við Bústaðaveg.

3. Veltusund 3B, breyting á deiliskipulagi (01.140.2) Mál nr. SN190068 610313-0190 Lögmennt Sundagörðum ehf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Lögmannna Sundagörðum dags. 22. mars 2018, f.h. lóðarhafa, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund, samkvæmt beiðni um endurupptöku frá 22. mars 2018. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með gististarfsemi á efri hæðum hússins. Einnig er lagt fram minnisblað Daða Björnssonar ódags., úttekt á hlutfalli húsrýmis í notkun til gistipjónustu Kvosinni dags. 15. apríl 2018 og úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 6. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar.

Leiðrétt bókun frá fundi skipulags- og samgönguráðs frá 6.mars 2019.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá og bóka: Miklar breytingar hafa verið á heimildum vegna gististarfssemi í miðborg Reykjavíkur á undanförunum árum. Fjölmarginir aðilar hafa unnið að gerð gistiíbúða og fengið samþykktar teikningar hjá borginni. Ástæða er til að endurskoða þær reglur sem í gildi eru með tilliti til þeirrar stöðu sem er í miðborginni. Hætta er á að fjölmargar einingar nýtist illa sem íbúðir og sé bannað að nýta í gistingu. Slíkt gagnast engum. Rétt væri að skoða aðlögun að breyttum veruleika með heildstæðri endurskoðun.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Miðflokkurinn telur að teknu tilliti til bæði forsögu málsins samkvæmt bréfi lögmanns og sanngirnissjónarmiða að rétt sé að samþykkja umsókn Lögmannna Sundagörðum dags. 22. mars 2018, f.h. lóðarhafa, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund, samkvæmt beiðni um endurupptöku frá 22. mars 2018.

Í breytingunni felst að heimilt er að vera með gististarfsemi á efri hæðum hússins.

Áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins bókar: Flokkur fólksins leggur til að hlustað verði að athugasemdir íbúa í við Furugrund og tekið tillit til þeirrar umræðu er fram fór í Skipulags- og samgönguráði á fundi 30 6. mars 2019. Jafnframt er bent á að byggingamagnið sé of mikið og að nægjanlegt sé að húsin verði aðeins tveggja hæða. Ef um slétt þak á húsunum er að ræða þá er lagt til að hannaður verði garður ofan á húsunum, íbúum þeirra til yndisauka, þar sem lítill möguleiki er á að hafa suðurgarða fyrir framan húsin við Bústaðaveg.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata bóka: „Umhverfis og skipulagsráð samþykkti í byrjun árs 2015 ákvæði um að hámark hótél- og gistirýmis í Kvosinni mætti ekki vera meira en 23% af fermetrafjölda húsanna á svæðinu. Það stuðlar að nauðsynlegum fyrirsjáanleika fyrir íbúa, uppbyggingaraðila og atvinnulíf. Mikilvægt er að borgaryfirvöld haldi þeirri stefnu sem þarna var tekin. Við teljum mikilvægara að standa vörð um íbúðir fyrir þá sem hér búa og starfa en að fjölga hótél og gistirýmum.“

Rétt bókun er:

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá og bóka: Miklar breytingar hafa verið á heimildum vegna gististarfssemi í miðborg Reykjavíkur á undanförunum árum. Fjölmarginir aðilar hafa unnið að gerð gistiíbúða og fengið samþykktar teikningar hjá borginni. Ástæða er til að endurskoða þær reglur sem í gildi eru með tilliti til þeirrar stöðu sem er í miðborginni. Hætta er á að fjölmargar einingar nýtist illa sem íbúðir og sé bannað að nýta í gistingu. Slíkt gagnast engum. Rétt væri að skoða aðlögun að breyttum veruleika með heildstæðri endurskoðun.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Miðflokkurinn telur að teknu tilliti til bæði forsögu málsins samkvæmt bréfi lögmanns og sanngirnissjónarmiða að rétt sé að samþykka umsókn Lögmannna Sundagörðum dags. 22. mars 2018, f.h. lóðarhafa, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund, samkvæmt beiðni um endurupptöku frá 22. mars 2018.

Í breytingunni felst að heimilt er að vera með gististarfsemi á efri hæðum hússins. Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata bóka: „Umhverfis og skipulagsráð samþykkti í byrjun árs 2015 ákvæði um að hámark hótél- og gistirýmis í Kvosinni mætti ekki vera meira en 23% af fermetrafjölda húsanna á svæðinu. Það stuðlar að nauðsynlegum fyrirsjáanleika fyrir íbúa, uppbyggingaraðila og atvinnulíf. Mikilvægt er að borgaryfirvöld haldi þeirri stefnu sem þarna var tekin. Við teljum mikilvægara að standa vörð um íbúðir fyrir þá sem hér búa og starfa en að fjölga hótél og gistirýmum.“

4. Austurbakki 2, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN190119  
690906-1390 Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 21. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að byggingarreitur 6 er stækkaður um u.þ.b. tvo metra þannig að ytri mörk til austurs nái yfir núverandi burðarvegg meðfram rampi í kjallara og leyfilegt byggingarmagni í kjallara á reit 6 fyrir almenna notkun er aukið, samkvæmt uppdr. Batteríssins arkitekta ehf. dags. 1. febrúar 2019. Einnig er lagt fram samþykki lóðarhafa mótt. 8. mars 2019.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs) án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Holtavegur 23, Langholtsskóli, breyting á (01.430.1) Mál nr. SN190155  
deiliskipulagi  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 7. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Holtaveg. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á austurhluta lóðarinnar og gert er ráð fyrir allt að sex kennslustofum á reitnum, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. mars 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

## (B) Byggingarmál

6. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1011 frá 5. mars 2019.

7. Skúlagata 26, 17 hæða hótél 195 herbergi (01.154.302) Mál nr. BN055071  
og 3 - 6 hæð fjölbylishús með 31 íbúðum  
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Lagt fram til kynningar erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. janúar 2018 þar sem sótt er um leyfi til að byggja 17 hæða hótél fl. V byggingu með 195 herbergjum og 3-6 hæða fjölbylishús með 31 íbúð á lóð nr. 26 við Skúlagötu. Einnig er lögð er fram greinargerð Fagrýnihóps byggingarfulltrúa ódagsett vegna Skúlagötu 26.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2018. Einnig fylgir greinargerð um hljóðhönnun ódagsett og umsögn brunahönnuðar dags. 11. desember 2018. Stærðir: x ferm., x rúmm. Gjald kr. 11.000

Kl. 9:34 taka Kristín Soffía Jónsdóttir og áheyrnarfulltrúinn Daníel Örn Arnarsson sæti á fundinum.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram eftirfarandi bókun.

„Fulltrúar skipulags og samgönguráðs taka undir umsögn fagrýnihóps varðandi útlit og fyrirkomulag fyrirhugaðrar hótél- og íbúðauppbyggingar við Skúlagötu og Vitastíg. Í umsögninni er tekið fram að turninn sé of einsleitur og uppbrot sáralítið. Fulltrúar ráðsins benda á að hótélbyggingin verður mjög áberandi í borgarmyndinni og því afar mikilvægt að þarna verði vandað til verka. Við vekjum athygli á því að í Aðalskipulagi 2010 -2030 er lögð sérstök áhersla á gæði í byggingarlist og sama má segja um skilmála í deiliskipulagi fyrir þennan reit. Bygging þessi mun verða hluti af sjónlínu borgarinnar um ókomna tíð og því er gerð krafa um vandað kennileiti og byggingarlist í hæsta gæðaflokki sem tekur mið af þessari einstöku staðsetningu. Við teljum nauðsynlegt að nú verði staldrað við og hönnun fyrirhugaðra bygginga, einkum hótelsins, endurskoðuð.”

### (C) Fyrirspurnir

8. Holtsgata 10 og 12 og Brekkustígur 16, (01.134.3) Mál nr. SN180810  
(fsp) deiliskipulag  
601004-2240 PKS ráðgjöf ehf, Holtsgötu 12, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Páls Kristjáns Svanssonar dags. 23. nóvember 2018 um gerð nýs deiliskipulags á reit sem afmarkast af Holtsgötu, Brekkustíg, Framnesvegi og Öldugötu. Markmið fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar er að byggja á lóðunum nr. 10 og 12 við Holtsgötu og 16 við Brekkustíg vegleg borgarhús, samkvæmt tillögu Birkis Ingibjartssonar arkitekts ódags. Frestað.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

9. Sundhöllin, Bifreiðastæði Mál nr. US180439

Lagt er fram bréf Íþróttá- og tómsundasviðs Reykjavíkur dags. 11.mars 2018 þar sem óskað er eftir heimild til að merkja stæði vestan við Sundhöll Reykjavíkur fyrir gesti Sundhallarinnar.

Vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra.

10. Græna netið, Niðurstaða starfshóps. Mál nr. US190073

Lögð eru fram gögn vegna verkefnisins "Græna netið" skýrsla starfshópsins dags. 29. júní 2016, drög að skýrslu ALTA um grænar tengingar í Reykjavík dags. maí 2017, drög að fyrstu framkvæmdaáætlun 2019-2024. dags. janúar 2019 og erindisbréf starfshóps dags. 23. ágúst 2018.

Kynnt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins bóka: Á sama tíma og mikilvægt er að tengja græn svæði, er enn mikilvægara að vernda núverandi græn svæði og ganga ekki frekar á þau eins og Elliðaárdalinn. Ennfremur þarf að halda í núverandi trjágróður eins og kostur er svo sem við Suðurlandsbraut í Laugardal. Þá er mikilvægt að huga að gróðursetningu sígræns trjágróðurs við umferðæðar.

Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Viðreisnar bóka:

"Fulltrúar meirihlutans í skipulags- og samgönguráði fagna þeim stóra áfanga sem framkvæmdaráætlun um Græna netið í Reykjavík er og þakka öllum þeim sem komu að þessari mikilvægu vinnu. Verkefnið sem liggja fyrir eru mikilvægur liður í að skapa gróðursæla og lífvænlega borg. Það er samgöngunet fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og tengir saman græn svæði borgarinnar, bæði innan borgarluta og á milli þeirra."

Snorri Sigurðsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (D) Ýmis mál

11. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045  
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í febrúar 2019.

12. Bjarkargata 6, málskot (01.143.1) Mál nr. SN190150  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot ASK Arkitekta ehf. dags. 1. mars 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 19. október 2018 um að opna inn á lóð nr. 6 við Bjarkargötu og setja hlið sunnan við hús og koma fyrir einu bílastæði, loka fyrir bílastæði innan lóðar norðan við húsið og bæta við bílastæði í götu í stað þess sem fellur niður við opnun.

Neikvæð afgreiðsla skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2018 staðfest.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Söpun og þrif á stígum og gangstéttum, Mál nr. US190081  
Kynning.

Farið er yfir núverandi verklag og það fjármagn sem sett er í málaflokkinn um söpun og þrif á stígum og gangstéttum.

Hjalti Guðmundsson og Björn Ingvarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Betri Reykjavík/Þín rödd, Borgartré Mál nr. US190085

Lagt fram erindið "Borgartré" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 5. mars 2019. Erindið var efst í málaflokknum skipulagsmál.

Vísað til umsagnar skrifstofu reksturs og umhirðu.

15. Betri Reykjavík/Þín rödd, Takki til að þakka strætóbílstjóranum við útgang (USK2019030018) Mál nr. US190083

Lagt fram erindið "Takki til að þakka strætóbílstjóranum við útgang" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 5. mars 2019. Erindið var þriðja efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflöknum "samgöngur".

Vísað til umsagnar Strætó bs.

16. Betri Reykjavík/Þín rödd, Drykkjarfontur/vatnshani á Klambratúni v/leikvöllinn Mál nr. US190084

Lagt fram erindið "Drykkjarfontur vatnshani á Klambratúni v leikvöllinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 5. mars 2019. Erindið var fimmta efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflöknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar skrifstofu reksturs og umhirðu.

17. Betri Reykjavík/Þín rödd, App fyrir hjólastíga í Reykjavík og nágrenni Mál nr. US190086

Lagt er fram erindið "App fyrir hjólastíga í Reykjavík og nágrenni" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 5. mars 2019. Erindið var efst í málaflöknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar skrifstofu reksturs og umhirðu.

18. Betri Reykjavík/Þín rödd, Beygjuljós á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar Mál nr. US190087

Lagt fram erindið "Beygjuljós á gatnamótum Háaleitisbraut og Kringlumýrarbrautar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 5. mars 2019. Erindið var fjórða efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum.

Vísað umsagnar til skrifstofu samgöngustjóra.

19. Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks, Innviðagiöld Mál nr. US180347

Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er upplýsinga um þau innviðagiöld sem lögð hafa verið á lóðarhafa í Reykjavík frá árinu 2010, þ.e. umsamda þátttöku lóðarhafa í innviðagerð, umfram þá þátttöku sem felst í greiðslu byggingaréttargjalds. Hvaða viðmið eru notuð við útreikning gjaldsins á hverju svæði? Með hvaða hætti felur umsamið innviðagjald í sér kvaðir og önnur skilyrði á lóðarhafa, umfram innheimtu tiltekinna fjárhæða?

Óskað er eftir sundurliðun á þeim fjárhæðum sem innheimtar hafa verið hjá hverjum einstökum lóðarhafa í kjölfar einkaréttarlegra samninga á tímabilinu. Eins er óskað sundurliðunar á öðrum umsömdum fjárhæðum innviðagjalds sem þó hafa ekki enn verið innheimtar. Loks er óskað upplýsingar um hugsanlega yfirstandandi samningsgerð við lóðarhafa um greiðslu innviðagjalds, án þess þó að samningar hafi verið undirritaðir.

Kallað er eftir afritum af öllum einkaréttarlegum samningum sem gerðir hafa verið við lóðarhafa á tímabilinu um innheimtu innviðagjalds. Auk þess er óskað rökstuðnings á því hvernig umhverfis- og skipulagssvið telur innheimtu innviðagjalds samræmast lögum.

Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 14. febrúar 2019.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka: Upplýsingar um innviðagjöld eru greinilega af skornum skammti. Taflan sem okkur er sýnd er með allt of mörgum eyðum. Athygli vekur að ekki liggur fyrir hver innviðagjöld eigi að vera á verkefnum sem eiga að vera komin að framkvæmdastigi. Má hér nefna Hekklureit sem var kynntur fyrir kosningar en virðist vera í frosti vegna gjalda borgarinnar. Héðinsreit sem hefur verið í vinnslu í langan tíma. Og Vesturbugt sem ætti að vera komin á framkvæmdastig. Nauðsynlegt er að borgarráði verði gerð frekari grein fyrir innviðagjöldunum, en samningar um þessi gjöld eru á forræði Skrifstofu Eigna og Atvinnuþróunar (SEA).

20. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins, vegna höfnunar allra tilboða í smáhýsi við Héðinsgötu 8 Mál nr. US190059

Lögð fram fyrirspurn vegna höfnunar allra tilboða í smáhýsi við Héðinsgötu 8. Við opnun tilboða í smáhýsi kom í ljós að enginn sem lagði inn tilboð uppfyllti þær kröfur sem gerðar voru. Því hefur verið ákveðið að Reykjavíkurborg hanni húsin sjálf og bjóði út framkvæmdirnar.

Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um:

- 1.Ástæður þess að öllum tilboðum var hafnað, t.d. hvort það var vegna þess að þau voru illa unnin, eða aðrar ástæður?
- 2.Hvernig var staðið að gerð útboðsgagna?
- 3.Er borgin með sérstaka hönnunarstofu?
- 4.Er borgin að fara í samkeppni við sjálfstætt starfandi ráðgjafa.

Einnig er lagt fram svar frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 6. mars 2019.

21. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Fyrirspurn vegna Bryggjuhverfis Mál nr. US190088

Fyrirspurn vegna stöðu mála, v. vegtenginga Bryggjuhverfis við Grafarvog og nágrenni.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu mála hvað varðar vegtengingar Bryggjuhverfis við td. Grafarvog og eins aðrein úr hverfinu inn á Höfðabakka.

Hver er staða mála bæði hvað varðar útfærslur og eins tímalínu?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra.

22. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, vegna Hagasels 23 Mál nr. US190090

Áheyrnarfulltrúa Miðflokksins hefur borist fjöldi fyrirspurna vegna Hagasels 23 og fyrirhugaðs búsetuúrræðis þar.

Óskað því eftir uppl. um hvar málið er statt og hver næstu skref verða.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og velferðarsviðs.

23. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins, vegna plastmengunar í nærumhverfi borgarbúa Mál nr. US190089

Flokkur fólksins leggur til að borgin fari í sérstakar aðgerðir til að ná til borgarbúa með hvatningu um að þeir sinni sínu nærumhverfi, þá sérstaklega með tilliti til plasts sem fýkur um borgina stundum í óheyrilegum mæli. Lagt er til að ákveðinn dag í hverjum mánuði, frá mars til október loka, verði íbúar Reykjavíkur hvattir

til að fara um sitt nærumhverfi og tína plast og annað rusl sem óneitanlega safnast fyrir víða um borgina. Jafnframt þarf að kanna fleiri möguleika borgarbúa að koma uppsöfnuðu rusli sem auðveldast frá sér. Hugsanlega væri hægt að veita verðlaun í einhverjum flokkum.

Vissulega taka margar "götur" sig saman og sinna t.d. vorhreinsun til mikillar fyrirmyndar. En það virðist ekki duga til. Það er á ábyrgð allra borgarbúa að halda borginni sinni hreinni. Borgarmeirihlutinn getur haft ríkara frumkvæði en áður til að finna leiðir til að vekja borgarbúa enn frekar til meðvitundar um hreinsunarmál í borginni.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 12:05.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson  
Hjálmar Sveinsson  
Marta Guðjónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Katrín Atladóttir



**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2019, þriðjudaginn 5. mars kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1011. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir og Guðrún Ósk Hrólfssdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Aðalstræti 4 (01.136.501) 100591 Mál nr.  
BN055802  
601299-2679 LMK fasteignir ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
450905-1430 Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka og breyta fyrirkomulagi í morgunverðareldhúsi í hóteli á lóð nr. 4 við Aðalstræti.  
Erindinu fylgir umsögn burðarþolshönnuðar dag. 13. febrúar 2019, bréf hönnuðar dagsett 12. febrúar 2019 og 26. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Aðalstræti 6 (01.136.502) 100592 Mál nr.  
BN055811  
601299-2679 LMK fasteignir ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
450905-1430 Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að anddyri á 1. hæð stækkar inn í forrymi lyfta, í kjallara verður morgunverðarsalur stækkaður inn í tæknirými og hurðarop verður gert milli húss nr. 6 og húss nr. 8 í hóteli á lóð nr. 6 við Aðalstræti.  
Erindi fylgir umsögn burðarþolshönnuðar dags. 13. febrúar 2019 og bréf hönnuðar dags. 12. febrúar 2019 og 26. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Aðalstræti 8 (01.136.503) 100593 Mál nr.  
BN055812  
601299-2679 LMK fasteignir ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
680390-1189 Best ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
450905-1430 Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera op milli rýma 0003 í húsi nr. 8 og 0001 í húsi nr. 6 í hóteli á lóð nr. 8 við Aðalstræti.  
Erindinu fylgir umsögn burðarþolshönnuðar dags. 13. febrúar 2019, bréf hönnuðar dags. 12. febrúar 2019 og 26. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN055542

471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyp 5 hæða verslunar- og skrifstofuhús, einangrað að utan og klætt blágrýti, með tveggja hæða bilgeymslu fyrir 102 bíla undir hluta húss á reit 6 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir greinargerðir frá EFLU um hönnunarforsendur lagna- og rafkerfa, um burðarvirki, orkurammi og hljóðvistargreinargerð allt dags. 4. desember 2018 og greinargerð hönnuða um algilda hönnun dags. 1. febrúar 2019.

Stærð, mhl. 16, A-rými: 17.477 ferm., 74.197,6 rúmm.

Mhl. 17, A-rými: 4.020,4 ferm., 14.546,9 rúmm.

Samtals, A-rými: 21.497,4 ferm., 88.744,5 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN055690

630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0104 í G2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda vinnueftirlits.

6. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN055607

450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lág múla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 þannig að fyrirkomulagi skrifstofa og snyrtinga á 3., 4., 5., og 6. hæð í L1 er breytt, flóttastigahús færast milli matshluta og í T4 er komið fyrir lyftu og hringstiga milli kjallara, 1. og 2. hæðar á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. desember 2018 ásamt yfirliti yfir breytingar dags. 17. janúar 2019.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Lagfæra skráningu.

7. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN055685

450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 þannig að uppskiptingu, rýmisnúmerum og útliti verslunar- og þjónusturýma er breytt á jarðhæð húsa T1, T2 og T3 og G1 og G2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

8. Álfab. 12-16/Þönglab. (04.603.503) 111722 Mál nr.  
BN055845  
570173-0229 Arnar ehf., Smiðjuvegi 40d, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN053422 þannig að innra skipulag breytist og sett verður sprinklerkerfið í rými 0001 og 0002 í húsi á lóð nr. 14 við Álfabakka.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
9. Ármúli 34 (01.293.203) 103810 Mál nr.  
BN055852  
540513-1550 Hegri fjárfestingar ehf., Hegranesi 26, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054834 þannig að stigi er teiknaður í þakrými og brunamerking fjarlægð í gististað í flokki II, teg. b í húsi á lóð nr. 34 við Armúla.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. Bankastræti 2 (01.170.101) 101328 Mál nr.  
BN055824  
571212-0210 FÍ Fasteignafélag slhf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN051011 vegna lokaúttektar á veitingastað í fl. II í húsi á lóð nr. 2 við Bankastræti.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. Bárugata 35 (01.135.402) 100480 Mál nr.  
BN055854  
311254-4809 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Bárugata 35, 101 Reykjavík  
111249-4749 Hjörleifur Sveinbjörnsson, Bárugata 35, 101 Reykjavík  
Sótt er um breytingar á erindi BN051753 þar sem breyting á þakgluggum austurþekju er dregin til baka og opnun eldvarnarhurðar í stigagangi á 2. hæð er breytt vegna lokaúttektar íbúðarhúss á lóð nr. 35 við Bárugötu.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
12. Básendi 11 (01.824.206) 108403 Mál nr.  
BN055830  
110946-3769 Ingi Tómas Björnsson, Sóleyjargata 9, 900 Vestmannaeyjar

Sótt er um leyfi til þess að rífa steinsteyptar svalir rishæðar og byggja í þeirra stað stærri stálsvalir á suðausturgafli húss á lóð nr: 11 við Básenda  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

13. Bergstaðastræti 27 (01.184.414) 102074 Mál nr.  
BN055857  
440915-1320 Bergstaðastræti 27 ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að flytja friðað timburhús um lengd sína til suðurs á nýjan steinsteyptan kjallara, endurgera og innrétta tvær íbúðir og til að rífa, endurbyggja og stækka steinhús sem fyrir er á lóð og innrétta átta íbúðir á lóð nr. 27 við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. febrúar 2019, greinargerð um hita- og rakaástand, minnisblað um burðarvirki og lagnir dags. 22. febrúar 2019 og minnisblað um hljóðvist dags. 22. febrúar 2019.  
Eftir stækkun, mhl. 01, A-rými: 172,3 ferm., 514,8 rúmm.  
Mhl. 02, A-rými: 640,1 ferm., 1.946,2 rúmm.  
B-rými: 17,7 ferm., 49,6 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
14. Bergstaðastræti 48 (01.185.301) 102169 Mál nr.  
BN055718  
150382-3519 Solveig Viktorsdóttir, Bergstaðastræti 48, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem op var gert í burðarvegg og innra skipulagi breytt í íbúð 0202 í húsi nr. 48 við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 14. og 18. júní 2018, uppdráttur með undirskrift burðarþolshönnuðar dags. 8. júní 2018 og húsaskoðun dags. 28. febrúar 2019.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.
15. Bíldshöfði 9 (04.062.001) 110629 Mál nr.  
BN055855  
650106-2960 Heild ehf, Krókamýri 74, 210 Garðabær  
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um breytingar á erindi BN055470 þar sem hjólageymslu er breytt að hluta til í geymslu fyrir gaskúta, innra skipulagi Mathallar breytt og loftræstistokkar á austurhlið eru færðir á vesturhlið húss á lóð nr 9 við Bíldshöfða.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
16. Bjarmaland 10-16 (01.854.401) 108778 Mál nr.  
BN055823  
291272-5339 Reynir Finndal Grétarsson, Bjarmaland 16, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja yfir bakinnangang, innrétta og nýta þakrými, setja upp stiga, breyta þaki og setja kvist á hús nr. 16 við Bjarmaland.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

17. Bleikargróf 6 (01.889.311) 219191 Mál nr.  
BN055837  
650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN051020 vegna lokaúttektar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 6 við Bleikargróf  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
18. Bólstaðarhlíð 15 (01.270.216) 103593 Mál nr.  
BN055803  
081154-5709 Guðrún Rósa Sigurðardóttir, Haustakur 2, 210 Garðabær  
